

Völundarhús valdsins (2005)

Bókarhöfundur: Guðni Th. Jóhannesson

Bókarheiti: Völundarhús valdsins, Stjórnarmyndanir, stjórnarslit og staða forseta Íslands í embættistíð Kristjáns Eldjárns, 1968-1980

Gagnrýnandi: Hallgrímur Guðmundsson

Útgáfa: Mál og Menning, Reykjavík 2005, 383 bls.

Guðni Th. Jóhannesson, sagnfræðingur, hefur ritað bókina *Völundarhús valdsins*. Undirtitill bókarinnar er *Stjórnarmyndanir, stjórnarslit og staða forseta Íslands í embættistíð Kristjáns Eldjárns, 1968-1980*.

Efni bókarinnar er skipt í átta meginkafla. Í fyrsta kafla er manngerð Kristjáns Eldjárns og uppruna hans lýst og aðdragandanum að kjöri hans til forseta. Annar kafla fjallar um myndun fyrri ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar að loknum þingkosningum í júní 1971 en aðdragandinn að myndun þeirrar ríkisstjórnar tók 29 daga. Í þriðji kafla er fjallað um hið sögulega þingrof 9. maí 1974, þegar þingið var sent heim. Fjórdi kafla er um aðdragandann að myndun ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar að loknum þingkosningum 30. júní 1974. Aðdragandinn að myndun þeirrar ríkisstjórnar stóð yfir í 57 daga og var lokahnykkurinn að mestu undir verkstjórn Ólafs. Í fimmta kafla er rakin myndun síðari ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar að loknum þingkosningum 25. júní 1978 sem var mynduð þegar liðnir voru 66 dagar frá lausn ríkisstjórnar Geirs. Síðari ríkisstjórn Ólafs sprakk í september ári síðar. Strax í kjölfarið var mynduð minnihlutastjórn Benedikts Gröndals sem fjallað er um í sjötta kafla bókarinnar. Efni sjöunda kafla er stjórnarkreppan um og yfir áramótin 1979 til 1980. Í áttunda kafla bókarinnar er rakin myndun ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsen í ársbyrjun 1980 en aðdragandinn að myndun þeirrar stjórnar var jafn langur og aðdragandinn að myndun síðari ríkisstjórnar Ólafs. Í lokakafla er forsetatíð Kristjáns vegin og metin.

Bókin er að nokkru leyti byggð á dagbókum, minnisblöðum og hugleiðingum Kristjáns sem hann las á segulband. Höfundur leitar þó miklu víðar fanga í prentuðum og óprentuðum heimildum. Tilvísanir eru tæplega þrettán hundruð og þrátt fyrir fjöldann er þeim ágætlega fléttað í söguþráð. Með því að láta þessar heimildir tala sínu máli tekst höfundi yfirleitt ágætlega að lýsa aðdraganda stjórnarmyndana, stjórnarslitum og stjórnarkreppum í forsetatíð Kristjáns.

Beinar og óbeinar tilvitnanir í hugleiðingar Kristjáns eru vitanlega "hungurvaka" þessarar bókar. Þær lokka lesandann frá einum kafla til annars þar til lestri hennar er lokið. Eins og alþjóð veit var Kristján einstaklega orðhagur og hugleiðingar hans gefa vel til kynna vandann í hnotskurn sem við var að glíma hverju sinni. Þær gefa einnig skýrt til kynna þann ásetning Kristjáns að halda embættinu utan við "pólitík" en þrátt fyrir eða öllu heldur vegna þessa ásetnings fylgdist hann náið með togstreitu stjórnámálanna. Um tíma var nokkuð deilt á Kristján fyrir þennan ásetning hans en þegar málsmetandi menn gengu fram af honum var forsetinn ekki sú helgislepja að taka ekki upp símann ef honum bar svo við. En það kemur fleira til en fróðlegar tilvitnanir í hugleiðingar Kristjáns í þessari bók, því að í heild sinni er hún greinargóð og ágætlega skrifuð og fengur fyrir þá sem hafa áhuga á fræðilegri umræðu og ekki síður fyrir þá sem sjá þarna atvinnutækifæri. Að vísu verður bókin nokkuð langdregin þegar kemur að lýsingum á því sérstaka tilhugalífi sem ríkti á milli stjórnámálanna á árunum 1978 til 1980. Þar hefði örliðið betri úrvinnsla og styttri texti ekki skaðað. Til varnar nákvæmri lýsingu má þó segja að í hugum margra var þetta viðburðaríkur tími. Í kosningunum 1978 urðu mestu fylgistilfærslur í sögu lýðveldisins. Stjórnarflokkarnir, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur, urðu fyrir skynditapi á samtals sautján þúsund atkvæðum sem færðust yfir til Alþýðubandalags og Alþýðuflokks og ollu þar miklum vaxtaverkjum. Skömmu áður hafði vígi Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn Reykjavíkur fallið og margir héldu að tími mikilla umskipta væri runninn upp. Forystumenn stjórnámálaflokkanna töldu eðlilegt að eftir svo miklar breytingar, sem reyndar kom flestum nokkuð á óvart, tæki stjórnarmyndun nokkurn tíma. Þrátt fyrir tapið var Sjálfstæðisflokkurinn hins vegar í mjög sterkri stöðu, því að hann gat myndað meirihluta með hverjum hinna flokkanna fyrir sig. Það kom þó ekki til þess að flokkurinn gæti nýtt þá stöðu vegna klókinda Ólafs Jóhannessonar og er "refsskák" hans ágætlega lýst í bókinni. Það fór einnig svo að Ólafur myndaði þá síðari ríkisstjórn sína, eftir að Benedikt Gröndal, Geir Hallgrímssyni og Lúdvík Jósefssyni höfðu mistekist stjórnarmyndun. Á meðan á þessu stóð reyndi mikið á hlutverk forsetans við aðstæður sem ekki áttu sér hliðstæðu. Það er vafalítið rétt hjá höfundi að þessar aðstæður sköpuðust að nokkru leyti af kosningaúrslitunum sumarið 1978 en einnig af landlægru tortryggni og þrákelni sumra þeirra sem þá höfðu leitað eftir og fengið umboð þjóðarinnar til setu í Alþingishúsinu. Kænska Ólafs fólst þó ekki í því að halda þessari ríkisstjórn sinni saman. Þegar hún sprakk var svo komið að þeir sem vildu gátu ekki en þeir sem gátu vildu ekki mynda ríkisstjórn. Þegar þetta gerist hafði Kristján verið forseti í áratug og er reynslunni ríkari. Ekki er að sjá að afstaða hans að halda forsetaembættinu utan við "pólitík" hafi breyst. Það kemur skýrt fram í bókinni að Kristján hefur

litið á hlutverk forseta í stjórnarmyndunarviðræðum að velja upp helstu kostum til myndunar starfhæfra ríkisstjórna með leiðtogum flokkanna. Kristján virtist staðráðinn að blanda sér ekki í það valdatafl að öðru leyti en að ákveða eftir atvikum hver fengi hvítt. Kristján var hvorki bráður né óþolinmóður en röggssamur þegar því var að skipta. Hann gaf stjórnámálamönnum góðan tíma til að hugsa sinn gang og það var ekki fyrir en flestir leikir í stöðunni höfðu verið fullreyndir að Kristján hóf undirbúning utanþingsstjórna. Í bókinni kemur ágætlega fram hversu langt Kristján var reiðubúinn að ganga til að skapa þingkjörnum leiðtogum nægjanlegt svigrúm til að mynda starfhæfa ríkisstjórn, - jafnvel þegar utanþingsstjórn var nánast tilbúin, var enn um sinn haldið áfram að reyna myndun þinglegrar stjórnar. Kristján sætti nokkurri gagnrýni fyrir seinagang og m.a. sakaður um dómgreindarleysi í stjórnarmyndunarviðræðunum 1978. Höfundur sýnir einnig ágætlega fram á að hvert skref Kristjáns var vandlega hugsað og ekkert hefur komið fram sem leiðir líkur að því að önnur afstaða forseta eða aðrar ákvarðanir en teknar voru á sínum tíma hefðu leitt til skjótari stjórnamyndana. Þvert á móti virðist það vera rökrétt afstaða forseta að setja leiðtoga stjórnámálaflokkanna á þingi undir mikinn þrýsting til að mynda ríkisstjórn. Allt skal reynt áður en myndun utanþingsstjórnar kemur til álita. Það var rökrétt afstaða forseta að taka alls ekki þennan kaleik frá leiðtogum stjórnámálaflokkanna á þingi því að eins og kom á daginn var eitrið í "eigin beinum" en ekki í kaleiknum. Það er því ein megin niðurstaða þessarar bókar að ofvirkur eða örgeðja forseti hefði ekki átt betri samleið með þjóðinni og gott veganesti fyrir þá sem sjá atvinnutækifæri í þessu embætti.